



**Ræða forseta Íslands,
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði forseta Finnlands,
Helsinki 26. ágúst 1997**

Virðulegi forseti, Martti Ahtisaari og Eeva Ahtisaari
Heiðruðu gestir

Ég færi yður þakkir fyrir góð orð og vináttu í garð okkar Íslendinga. Ræða yðar áréttaði hve margslungin tengsl Finnlands og Íslands hafa verið og vakti okkur til umhugsunar um viðfangsefni nýrrar aldar, verkefni sem knýja á um náið samráð þjóða okkar.

Norðurlönd hafa öðlast einstæðan sess í samfélagi heimsins. Þau eru öðrum fyrirmynd um lýðræði og mannréttindi, velferð og jafnrétti, framfarir og tækni. Í hinni samhentunorrænu fjölskyldu búa Finnland og Ísland við stjórnarform lýðveldis, fela þjóðhöfðingjavald forsetum í hendur. Rætur þess liggja í reglubundnu lýðræðislegu kjöri. Umboðið er sótt í samræðu forseta og þjóðar þar sem sérhver íbúi hefur jafnan rétt.

Fyrirrennarar yðar tveir, Urho Kekkonen og Mauno Koivisto, lögðu sérstaka rækt við Ísland og við metum mikils að þér hafið þegar á fyrstu forsetaárum yðar sýnt Íslendingum mikla vinsemd og virðingu. Ég hef átt þess kost að kynnast þekkingu yðar og djúpum skilningi á alþjóðamálum. Það er Norðurlöndum öllum mikill hagar að geta notið reynslu yðar, dómgreindar og vitsmuna.

Finnland og Ísland eru ekki aðeins lýðveldin tvö í hinni norrænu fjölskyldu heldur hafa lönd okkar einnig lagt til hornsteina í nýja heimsmynd. Helsinki og Reykjavík urðu táknaðir fyrir örlagaríka atburðarás sem eflt hefur lýðræði og mannréttindi, afvopnun og frið um heim allan, einkum í álfu okkar, Evrópu.

Sáttmálinn sem kenndur er við Helsinki og leiðtogafundurinn í Reykjavík mörkuðu þáttaskil í veraldarsögunni. Höfuðborgir landa okkar urðu vettvangur viðræðna og samninga sem bundu enda á kalda stríðið og lögðu grundvöll að þróun í þágu friðar og lýðræðis. Í hugum milljóna víða um veröld eru þær tákni drauma og vona um betri heim.

Helsinki og Reykjavík, Finnland og Ísland eru á einstæðan hátt tengd hinni nýju heimsmynd, árétting og áminning í senn um að ferskar hugmyndir, áráðni í tillögugerð og vilji til nýrrar nálgunar geta gjörbreytt gangi veraldarsögunnar, greitt úr erfiðum flækjum, vísað veginn úr öngstræti og inn á breiðar og beinar brautir.

Ég met mikils að í viðræðum okkar hefur komið fram ríkur vilji til að efla þetta hlutverk landa okkar. Höfuðborgirnar tvær verði áfram griðarstaðir fyrir brýnar umræður, bjóði velkomna alla úr ólíkum heimshlutum sem leita vilja nýrra lausna. Það er vissulega þörf á vettvangi þar sem hugmyndasmiðir og frumkvöðlar geta hiklaust sett fram tillögur um nýjar leiðir, ferskar lausnir á erfiðum viðfangsefnum.

Það er í raun skylda okkar beggja að greiða götu slíkrar þróunar og efla þannig á nýrri tíð sögulegt hlutverk landa okkar í glímu þjóða heims við vandamál sem ógna friði, lýðræði, mannréttindum og sjálfu lífríki jarðarinnar.

Finnland og Ísland eiga einnig samleið í þróun efnahagslífs og öryggis í Evrópu. Aðild Finnlands að Evrópusambandinu og Íslands að NATO, þátttaka beggja í Evrópuráðinu og SÖSE færa okkur í senn skyldur og tækifæri til áhrifa. Samráð okkar er því mikilvægt og brýnt. Hollusta við lýðræði og framfarir í Eyrstrasaltsríkjunum og stuðningur við fullgilda og sjálfstæða þátttöku þeirra í efnahagsskipun og öryggiskerfi álfunnar eflir enn frekar nauðsyn á nánnum tengslum Finna og Íslendinga.

Það er eindreginn vilji þjóðar minnar að vinátta okkar frá fyrri tíð og verkefni nútíðar og framtíðar verði til að spinna æ fleiri þræði sem tengja okkur saman. Þessu til staðfestingar höfum við nú ákveðið að stofnsetja íslenskt sendiráð í Helsinki, fyrsta nýja sendiráðið sem við opnum í marga áratugi, ef frá er talið sendiráðið í Kína.

Samvinna landa okkar getur vissulega falið í sér fjölþætta möguleika til efnahagslegs ávinnings og bættra lífshjálpa. Hið

alþjóðlega hagkerfi sem tækniþyltingar í samgöngum, fjarskiptum og hugbúnaðarframleiðslu skapa nú með ógnarhraða færir finnsku og íslensku atvinnulífi fjölda nýrra tækifæra.

Fyrirtæki á Íslandi hafa því í tengslum við heimsókn okkar sent hingað fulltrúa og forystufólks til að ræða margvíslega möguleika til samvinnu á sviði viðskipta og iðnaðar, tækni, fjármála og menningar.

Það er von mín og ósk að í kjölfar heimsóknar okkar muni tengsl Finnlands og Íslands öðlast aukinn þrótt, verða aflvaki nýrra hugmynda og skapa þjóðum okkar ný tækifæri til samstarfs og sóknar.

Ég færi yður, heiðraði forseti og konu yðar árnaðaróskir okkar hjóna um heillaríka framtíð um leið og ég bið alla viðstadda að rísa á fætur, hylla forseta Finnlands og lyfta glösum til heiðurs ævarandi vináttu Finna og Íslendinga.